

boenda
FERÐIR

GARDAVATN & FENEYJAR



22. september – 1. október 2025
Fararstjórn: Marianne Eiríksson

Haut 7
Ítalía | Austurríki | Þýskaland

Ferðalýsing

Gardavatn hefur verið einn vinsælasti áfangastaður Íslendinga til margra ára, enda meðal allra fegurstu staða á Ítalíu. Sjálfur Goethe líkti staðnum við himnaríki og skal engan undra. Við hefjum ferðina á því að aka til sjarmerandi bæjarins **Brescia** í Lombardy héraði áður en haldið verður að Gardavatninu þar sem fyrsta stopp er fallegi bærinn **Sirmione** með sínum glæsilega 13. aldar kastala. **Riva del Garda** tekur því næst á móti okkur við hið sægræna **Gardavatn** en bærinn stendur á fallegum stað við vatnið og er einn vinsælasti ferðamannastaður svæðisins. Í ferðinni munum við fara í áhugaverðar skoðunarferðir, yndislega siglingu á Gardavatni til bæjanna **Limone** og **Malcesine**, eiga ævintýrlegan dag í **Feneyjum** og heimsækja **Veróna**, eina elstu borg Norður-Ítalíu. Við höldum til **Seefeld í Tíról** eftir góða daga við Gardavatn en á leiðinni þangað verður stoppað hjá vínbónda þar sem við brögðum á afurðum hans. Í Seefeld njótum við náttúrunnar milli hárra og tignarlegra fjalla síðustu daga ferðarinnar. Við heimsækjum **Innsbruck**, höfuðstað Tíról, og komum við í **Mittenwald** í Þýskalandi þar sem við skoðum litlu myndskreyttu húsin en að koma þar er eins og að lenda í miðju ævintýri.

10 dagar | 9 nætur

1 nótt Brescia | 5 nætur Riva del Garda | 3 nætur Seefeld



22. september | Flug til Mílanó & Brescia

Brottför frá Keflavík kl. 8:00. Mæting í Leifsstöð um 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Mílanó k. 14:10 að staðartíma. Þaðan verður ekið til sjarmerandi bæjarins Brescia í Lombardy héraði þar sem gist verður í eina nótt.

23. september | Sirmione & Riva del Garda á Ítalíu

Við kveðjum því næst Brescia og leggjum af stað til Riva del Garda við Gardavatn þar sem við munum gista í fimm nætur. Á leiðinni verður komið við í fagra bænum Sirmione við suðurenda Gardavatns sem er einn af vinsælustu áningarstöðunum við vatnið. Elsti hluti bæjarins er á 4 km löngum og 120 m breiðum tanga. Þessi yndislegi virkisbær iðar af mannlífi og hér má meðal annars finna glæsilegan kastala, Scaliger, sem byggður var á 13.



öld en Sirmione hefur verið í byggð síðan á steinöld. Röltum saman um þennan líflega og skemmtilega bæ og njótum náttúrufegurðar en héðan er víðsýnt yfir vatnið.

24. september | Skoðunarferð í Riva del Garda & frjáls dagur

Dagurinn verður rólegur en að loknum morgunverði förum við fótgangandi í skoðunarferð um bæinn Riva del Garda. Að henni lokinni er frjáls tími til að skoða sig um í þessum snotra bæ, ganga litlar og þröngar götur hans, staldra við í verslunum, röltu undir pálmatrjám með fram ströndinni eða skondra upp að virkinu Bastillione þaðan sem er einstakt útsýni yfir vatnið. Einnig er kjörið að njóta aðstöðunnar á hótelinu, annaðhvort í sundlaugargarðinum eða í heilsulindinni.

25. september | Ævintýrlegur dagur í Feneýjum

Fyrir höndum er langur en stórskemmtilegur dagur. Við leggjum snemma af stað og ökum til Feneýja. Á rölti um borgina, með fram síkjum og yfir brýr, verður á vegi okkar allt það sem gerir Feneýjar að eftirsóttasta ferðamannastað álfunnar. Við Canal Grande gefur að líta einar 200 glæsilegar hallir og við Markúsartorgið stendur Markúsarkirkjan, ein merkilegasta kirkjubygging veraldar, sem byggð er í austrænum stíl og minnir helst á höllina úr ævintýrinu *Púsund og ein nótt*. Síðdegis mun hverjum og einum gefast tími til þess að skoða þessa fallegu borg betur, njóta mannlífsins og jafnvel líta inn á söfn. Komið verður aftur á hótél undir kvöld.



26. september | Sigling, Limone & Malcesine

Farið verður í ljúfa siglingu á Gardavatni. Haldið til Limone, eins fallegasta bæjarins við vatnið og þar áð í dágóða stund. Þaðan verður siglt yfir sægrænt Gardavatnið til



Malcesine, sem er sögufrægur ferðamannabær við austurströnd vatnsins. Í Malcesine gefum við okkur góðan tíma, fáum okkur hressingu og skoðum okkur um í bænum. Áhugasamir geta farið með kláf upp á Monte Baldo, hæsta fjallið við Gardavatn, en þeir sem kjósa heldur að vera á jafnsléttu geta litið inn í mjög áhugaverðan gamlan kastala sem er að finna í bænum. Frá Malcesine verður siglt til baka til Riva.

27. september | Dagsferð til Veróna

Dagsferð til Veróna, elstu borgar Norður-Ítalíu, er einn hápunktur ferðarinnar. Veróna er borg menningar og lista en frægust er hún sem söguvið leikrits Shakespeare um Rómeó og Júlíu. Farið verður í skoðunarferð um borgina og staldrað við helstu staði þessarar merku borgar. Þar má nefna þriðja stærsta hringleikahús veraldar, Arena, og Kryddtorgið en þar stendur fjöldi fagurra bygginga og minnisvarða. Miðbær borgarinnar eins og hann leggur sig er á skráður á heimsminjaskrá UNESCO og ekki að ástæðulausu.



28. september | Skómarkaður í Dro, vínsmökkun & Seefeld

Nú kveðjum við Gardavatn og höldum til Austurríkis. Á leiðinni komum við í forna smábæinn Dro og lítum þar inn á einn stærsta skómarkað Norður-Ítalíu. Þaðan liggur leið okkar til vínbónda þar sem við brögðum á afurðum hans áður en verður ekið áfram yfir Brennerskarðið til Seefeld í Austurríki þar sem við gistum næstu þrjár nætur.

29. september | Frjáls dagur í Seefeld

Í dag tökum við það frekar rólega, hefjum daginn á staðgóðum morgunverði og höldum síðan í stutta skoðunarferð um Seefeld, sem er með eftirsóttustu ferðamannabæjum Tíról. Bærinn er umkringdur þverhniptum fjöllum en áður fyrr var hér mikið vatnasvæði og ber nafn bæjarins það með sér. Eftir stutta göngu með fararstjóranum er frjáls tími það sem eftir lifir dags. Hér er margt hægt að gera, fara með hestvagni um bæinn, ganga hringinn í kringum vatnið eftir þægilegri gönguleið eða fara með kláfi upp í Rosshütte sem er í 1.784 m hæð. Þar er að finna gott veitingahús og er upplagt að fá sér kaffi og svo sem eina tertusneið.



30. september | Dagsferð til Mittenwald & Innsbruck



Á dagskránni í dag er heimsókn til bæjarins Mittenwald sem á sér engan líka en þar er að finna ótal lítil myndskreytt hús, dásamlegan bæjarlæk og skemmtilegar verslanir. Bærinn er frægur fyrir smíði strengja- og plockhljóðfæra og stendur minnisvarði af Matthias Klotz, upphafsmanni fiðlusmíði í Mittenwald, fyrir utan fiðlusafn bæjarins. Við höldum svo áfram til Innsbruck, höfuðstaðar Tíról, sem er umvafinn mikilli fjalladýrð.

Innsbruck var ein af borgum Habsborgaranna, einnar valdamestu ættar Evrópu um aldir, og ber miðaldahluti borgarinnar þess greinilega merki. Blómatími Habsborgaranna var á 15. öld undir stjórn Maximilians I en hann lét byggja eitt helsta aðdráttarafl borgarinnar, húsið með gullþakinu, sem stendur við eitt fallegasta torgið í Tíról. Við höldum í stutta skoðunarferð um borgina en að henni lokinni verður hægt að kanna borgina á eigin vegum, líta inn til kaupmanna í Maria-Theresien-Straße eða setjast inn á kaffihús.

1. október | Heimferð frá München

Eftir indæla og skemmtilega ferð verður ekið til München. Brottför þaðan kl. 14:05 og landing í Keflavík kl. 16:00 að staðartíma.

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.



Verð

399.900 kr. á mann í tvíbýli | 40.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hótelum.
- ✓ Hádegisverður hjá vínbónda í Rovereto.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn á söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Kláfar eða stólalyftur upp á fjöll.
- ✓ Siglingar og vínsmökkun.
- ✓ Strætisvagnaferð inn í Veróna.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.

Valfrjálst

- ✓ Sigling í Feneyjum u.þ.b. € 20.
- ✓ Sigling á Gardavatni u.þ.b. € 23.
- ✓ Kláfur frá Malcesine upp á Monte Baldo u.þ.b. € 26.
- ✓ Aðgangur að hringleikahúsinu í Veróna u.þ.b. € 16.
- ✓ Kláfur upp á Rosshütte u.þ.b. € 18.



Hótel

- ✓ Brescia = Hotel Novotel Brescia 2
- ✓ Riva del Garda = Hotel Villa Niccoli.
- ✓ Seefeld = Hotel Bergland

Nánari upplýsingar

Vert er að hafa í huga að þrátt fyrir að Bændaferðir séu alla jafna þægilegar rútuferðir er alltaf einhver ganga, t.d. í bæjarferðum. Margar evrópskar borgir eru bæði hæðóttar og ójafnar undir fæti og aðgengi að áfangastöðum þannig að leggja þarf rúttunni mislangt frá. Ef þú hefur einhverjar vangaveltur varðandi þetta vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við skrifstofu Bændaferða.